

Námsáætlun fyrir textílmennt - 7. bekkur
skólaárið 2023 – 2024



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	<ul style="list-style-type: none"> -beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar -fjallað um efnisfærði og unnið úr fjölbreyttum textílefum -unnið með einföld snið og uppskriftir 	<p>Vélsaumur – nemendur sníða og sauma inniskó.</p> <p>Endurvinnsluverkefni, nemendur hanna og sauma flík eða nytjahlut út frá eigin hugmyndum upp úr gömlum fatnaði.</p> <p>Efnisfræðiverkefni, nemendur læra um gerviefni sem notuð eru til að búa til textíl.</p> <p>Sjónabókarverkefni – nemendur læra um íslensku sjónabókarhandritin sem varðveitt eru á Þjóðminjasafni Íslands, vinna verkefni sem tengist munsturgerð að eigin vali upp úr munstrunum sem bókun <i>Íslensk sjónabók</i> inniheldur.</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p> <p>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<ul style="list-style-type: none"> -þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli -notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar -útskýrt og hagnýtt fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum. -nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu 	<p>Endurvinnsluverkefni.</p> <p>Sjónabókaverkefni.</p> <p>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð.</p> <p>Bækur um textíla og textílverk nýttar í verkefni.</p>	<p>Metin er hugmyndavinnu sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

<p>Menning og umhverfi</p>	<p>-fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni</p> <p>-sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir</p> <p>-gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna</p> <p>-gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum</p>	<p>Myndbönd/ umræður - nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika hennar og þýðingu hennar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina.</p> <p>Sjónabókarverkefni – munsturgetur í íslenskum textílverkum og hönnunarvörum skoðar.</p> <p>Nemendur vinna með náttúruleg efni og gerviefni í verkefnum sínum.</p> <p>Endurvinnsluverkefni.</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á áhrifum textíls á umhverfi okkar í sögulegu og menningarlegu samhengi.</p> <p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum og eiginleikum þeirra.</p>
<p>Námshöggn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			